

Skjal 2b/2019

DRÖG

Hvaðan talað er

Tillaga forsætisnefndarinnar er:

Að allar ræður, kynningar, skýrslur, upplýsingagjöf og svör við andmælum séu flutt úr ræðustólnum.

Að öll andsvör séu flutt úr andsvara-púlti og eru allir sem vilja veita andsvar beðnir um að vera viðbúnir.

Ræðutími þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

Forsætisnefndin leggur til:

Að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.

Að forsetinn sjái til þess að talsmenn flokkahópa fái orðið í samræmi við stærð hópanna, eftir því sem framast er kostur.

Að nýkjörnum forseta frá Íslandi verði veittur 7 mínútna ræðutími til að kynna formennskuáætlun í Norðurlandaráði 2020.

Að fulltrúar ríkisstjórna hafi 5 mínútur til að gera grein fyrir eða kynna tillögur. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.

Að forsætisráðherra Danmerkur verði veittur 7 mínútna ræðutími til að kynna formennskuáætlun í Norrænu ráðherranefndinni 2020.

Ræðutími áheyrnarfulltrúa

Forsætisnefndin leggur til:

Að fulltrúi þingmannaráðs Sama hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðunum „Tillögur og greinargerðir samstarfsráðherranna“ og „Málefni líðandi stundar“. Ræðutími fulltrúa þingmannaráðs Sama er 2 mínútur.

Ræðutími gesta

Forsætisnefndin leggur til:

Að gestkomandi þingmenn hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðunum „Alþjóðlegt samstarf“. Ræðutími gesta er 2 mínútur.

Að fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðunum „Tillögur og greinargerðir samstarfsráðherranna“ og „Málefni líðandi stundar“. Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar er 2 mínútur.



Að gestkomandi ræðumaður hafi rétt til að taka til máls í upphafi dagskrárliðarins „Málefni líðandi stundar“. Ræðutími fyrir erindi gestkomandi ræðumanns er 15 mínútur.

Andsvör

Forsætisnefndin leggur til:

Að þingfulltrúar og fulltrúar ríkisstjórnanna fái að veita andsvör við öllum ræðum.

Að fulltrúi sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu gefi merki þar um meðan á ræðunni stendur eða þegar henni lýkur.

Að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara þegar í stað.

Að 1 mínútu ræðutími gildi um andsvör.

Að 1 mínútu ræðutími gildi um svör við andsvörum.

Að forsetinn geti veitt sama þingfulltrúa eða fulltrúa ríkisstjórnar allt að tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta.

Heimild til að ljúka umræðu

Forsætisnefndin leggur til:

Að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið.

Að forseta sé heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn.

Sætaskipan í salnum

Forsætisnefndin leggur til:

Að þingmenn Norðurlandaráðs sitji með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitji ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustóli.

Atkvæðagreiðsla

Forsætisnefndin leggur til:

Að atkvæðagreiðsla verði rafræn ef kostur er. Sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi verði notast við atkvæðaseðla og skriffæri.

Fundarritun

Forsætisnefndin leggur til:

Að allar umræður á þinginu verði færðar skriflega og orðrétt í gerðabók og hljóðritaðar að auki.

Forsætisnefndin vísar að öðru leyti til starfsreglna Norðurlandaráðs.